

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 8. febrúar 2021

Mál nr. S-3141/2020:

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Sigrún Inga Guðnadóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Þórður Már Jónsson lögmaður)

I

Mál þetta, sem dómtekið var 29. janúar sl., að lokinni aðalmeðferð, er höfðað af lögrelustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með ákæru útgefinni 17. nóvember 2020 á hendur X, kt. 000000-0000, [...]:

„1. fyrir ofbeldi í nánu sambandi og brot gegn barnaverndarlögum með því að hafa á tímabilinu frá janúar 2016 til mars 2020 á heimili þeirra að [...], ítrekað veist með ofbeldi að syni sínum A, kt. 000000-0000, látið syni sína B, kt. 000000-0000 og C, kt. 000000-0000, halda honum á meðan ákærði sló A með plastslöngu og inniskó undir iljarnar en D, kt. 000000-0000, dóttir ákærða, varð vitni að háttseminni og með því að hafa í eitt skipti slegið son sinn C, í andlitið með þeim afleiðingum að hann hlaut blóðnasir. Með háttseminni sýndi hann börnum sínum ógnun, vanvirðandi hegðun, yfirgang og ruddalegt athæfi.

Mál nr. 007-2020-19289

Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

2. fyrir ofbeldi í nánu sambandi með því að hafa þriðjudaginn 10. september 2019 veist með ofbeldi að eiginkonu sinni og barnsmóður E, kt. 000000-0000 á heimili þeirra að [...], tekið fast um munn hennar og slegið hana ítrekað í andlitið með flötum lófa, allt með þeim afleiðingum að hún hlaut mar innan á neðri vör og vinstra megin á andliti.

Mál nr. 007-2019-57360

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Einkaréttarkröfur:

1. Þá geiri Karólína Finnbjörnsdóttir, lögmaður, f.h. E, kt. 000000-0000, [...], fyrir hönd ólögráða sonar hennar, B, kt. 000000-0000, kröfu um að hinum kærða verði gert að greiða brotþola miskabætur að fjárhæð 1.000.000, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 2. apríl 2020 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar en með dráttarvöxtum, samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags.

Þess er krafist að kærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

2. Þá gerir Karólína Finnbjörnsdóttir, lögmaður, f.h. E, kt. 000000-0000, [...], fyrir hönd ólögráða sonar hennar, C, kt. 000000-0000, kröfu um að hinum kærða verði gert að greiða brotþola miskabætur að fjárhæð 1.000.000, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 2. apríl 2020 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar en með dráttarvöxtum, samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags.

Þess er krafist að kærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

3. Þá gerir Karólína Finnbjörnsdóttir, lögmaður, f.h. E, kt. 000000-0000, [...], fyrir hönd ólögráða sonar hennar, A, kt. 000000-0000, kröfu um að hinum kærða verði gert að greiða brotþola miskabætur að fjárhæð 1.000.000, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 2. apríl 2020 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar en með dráttarvöxtum, samkvæmt 9. gr.,

sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags.

Þess er krafist að kærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

4. Þá gerir Karólína Finnbjörnsdóttir, lögmaður, f.h. E, kt. 000000-0000, [...], fyrir hönd ólögráða sonar hennar, D, kt. 000000-0000, kröfu um að hinum kærða verði gert að greiða brotþola miskabætur að fjárhæð 1.000.000, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 2. apríl 2020 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar en með dráttarvöxtum, samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags.

Þess er krafist að kærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

5. Þá gerir Karólína Finnbjörnsdóttir, lögmaður f.h. E kt. 000000-0000, kröfu um að hinum kærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 4.000.000, auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og vertryggingu, frá 10. september 2019 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar en með dráttarvöxtum, skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er þess krafist að kærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.”

Verjandi ákærða gerir aðallega þá kröfu að ákærði verði sýknaður en til vara, komi til sakfellingar, er krafist vægustu refsingar sem lög frekast heimila, og verði dæmd

fangelsisrefsing að þá verði hún skilorðsbundin. Verjandinn krefst þess aðallega að skaðabótakröfum verði vísað frá dómi en til vara að skaðabætur verði verulega lækkaðar frá því sem krafist er. Loks krefst verjandinn þess að allur sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun verjandans skv. málskostnaðarreikningi.

II

Mál fjölskyldu ákærða barst barnavernd [...] frá lögreglu í september 2019. En lögreglu var tilkynnt 10. þess mánaðar að ákærði væri að lemja eiginkonu sína E og fór lögregla á heimili þeirra að [...]. Ákærði kannaðist ekki við neitt og engin merki voru um átök í íbúðinni og sagði ákærði að konan væri í vinnu og börnin í skóla. Á lögreglustöð var hringt í síma tilkynnanda til að fá frekari upplýsingar og var talið að E eiginkona ákærða hefði svarað. Hún var hikandi í svörum og kannaðist ekki við málið. Þá greip B sonur þeirra símann og sagði ákærða vera að berja móður sína og þau vildu að ákærði færi í fangelsi. Voru E og börn hennar og ákærða sótt af lögreglu og flutt á lögreglustöð en E var með áverka í andliti. Hún vildi lítið tjá sig um málið við lögreglu en elsti sonur hennar og ákærða sagði hann ráðast reglulega á móður drengsins og tala illa um hana. Lögregla fór í kjölfarið að heimili þeirra, handtók ákærða og færði hann í fangageymslu.

Starfsmaður barnaverndar fór á lögreglustöð og ræddi við börnin. B sagði að þau börnin hefðu ekki séð þegar ákærði hefði slegið móður þeirra í andlitið en hún sagt þeim hvað hafði gerst. En móðir þeirra hafi verið með áverka á munni og efri góm og á henni hafi sést blóð. B sagðist ekki vita til þess að ákærði hefði áður slegið móður þeirra en foreldrar hans hafi verið að rífast um peninga. En ákærði hafi ekki viljað láta móður þeirra hafa peninga en hún væri ekki í vinnu en ákærði væri það. E sagði að þetta hafi verið í fyrsta skipti sem ákærði hafi ráðist á hana.

Börnin tjáðu lögreglu að þau treystu sér heim með móður sinni og höfðu ekki áhyggjur af því að ákærði gerði svona aftur. Elsta drengnum var sagt að hann hefði brugðist rétt við með því að hringja á 112 og þau ættu að gera það ef eitthvað gerðist heima hjá þeim.

Barnavernd barst einnig tilkynning frá [...] heilsugæslu vegna sama atviks og kom fram að E hafi leitað þangað vegna heimilisofbeldis. Hafi ákærði beitt hana ofbeldi meðan börnin hafi verið í skóla. Hún hafi verið með áverka á neðri vör, enni, brú á nefi og á

úlndið. E hafi skýrt frá því að ákærði hafi snúið upp á úlndið hennar, sparkað í hana og beitt hnefa. Ákærði hafi einnig öskrað á hana og beitt hana andlegu ofbeldi.

Við könnun málsins hjá barnavernd vaknaði grunur um að ákærði beitti börnin harðræði. Rætt var við þau nokkrum sinnum og þau greindu frá ofbeldi af hálfu ákærða. C, sem er fæddur [...], sagði að allt væri betra eftir að ákærði fór af heimilinu en hann mun hafa farið þaðan í byrjun mars 2020. Drengurinn lýsti því að ákærði hafi oft verið pirraður og reiður og þá helst gagnvart C en ákærði uppnefni C og tali illa um móður hans. Ákærði segði m.a. að móðir C væri heimsk, lygari og kynni ekki mannasiði og honum liði mjög illa vegna þessa. C lýsti því að ákærði hefði ráðist á sig og ætlað að gera það í annað skipti en þá hefði móðir C stöðvað það. Í eitt skipti hefði ákærði kýlt C á nefið þannig að blætt hafi úr, hann meitt sig mikið og fundið lengi til. Hann hafi þá verið ákveðinn í að flytja af heimilinu. C sagði einnig að ákærði beitti móður C ofbeldi og hefði m.a. lamið hana með skó í andlitið og það hefði sést mikið á henni. Drengurinn kvaðst ekki hafa séð þegar það gerðist en bróðir hans hefði hringt í lögregluna þegar móðir þeirra sagði frá því sem hafði gerst. C sagðist vilja hafa það þannig að þau systkinin byggju ein með móður sinni og þeim liði illa þegar þau sæju ákærða og væru hrædd við hann. Ákærði væri stundum á stigaganginum í húsinu þar sem þau búa og hann reyni að taka börnin frá móður þeirra og hugsí ekkert um þau.

B, sem er fæddur [...], sagði að það væri mikið betra eftir að ákærði flutti af heimili þeirra og þau geti nú öll verið frammi en þegar ákærði hafi búið með þeim hafi þau öll hin lokað sig inni í einu herbergi. Þau væru öll hrædd við ákærða og óttist hvað hann geti gert. B sagðist vera hræddur um að ákærði myndi meiða móður hans og drengurinn óttist að ákærði gefist ekki upp. Hann lýsti því að ákærði veitti þeim eftirför í verslunum og væri eins og brjálæðingur. B sagði að ákærði hataði C mest af þeim öllum og ákærði hafi ráðist á C þannig að blæddi úr nefinu á honum. B sagðist ekki vilja sjá eða hitta ákærða aftur og B kvaðst fá martraðir á nóttunni og þá liði honum mjög illa.

A, sem er fæddur [...], sagði að ákærði væri alltaf að meiða hann og gera grín að honum. Ákærði meiddi A með inniskóm og með því að slá snúru eða bandi undir iljarnar á honum.

D, dóttir ákærða sem er fædd [...], sagði að andlit ákærða yrði mjög hræðilegt þegar hann væri reiður og hún yrði þá hrædd við að horfa á hann. Þá hafi ákærði reynt að taka A þegar hann hafi verið úti að hjóla og hann reyni einnig að taka hin börnin. Stúlkan kvaðst dreyma ákærða á nóttunni og hann væri vondur.

Þegar rætt var við öll börnin saman lýstu þau því að ákærði hefði oft meitt þau með plastslöngu með hörðu á endanum. Hann myndi ná í slönguna þegar hann væri pirraður og reiður. Hann meiddi þau undir fótunum með slöngunni og þá hefði hann einnig meitt þau með inniskóm. Börnin sögðu einnig að ákærði hefði meitt þau með belti og rassskellt þau. A kvaðst hafa fengið marbletti bæði eftir slönguna og inniskóna.

E, fyrrverandi eiginkona ákærða og barnsmóðir, gaf skýrslu hjá lögreglu 28. maí 2020. Hún lýsti því að ákærði hafi alltaf verið að hóta henni og hún verið hrædd að láta vita af því. Þá hafi ákærði oft lamið börnin þegar þau hafi gert eitthvað sem hafi pirrað hann. Þá hafi ákærði notað plastslöngu til að lemja undir iljarnar á drengjunum og þá beðið hina drengina að halda þeim sem hann hafi verið að lemja. Ef þeir hafi neitað því hafi ákærði hótad að lemja þá en hann hafi lamið alla drengina en beitt dóttur þeirra andlegu ofbeldi. En drengirnir hafi bæði mátt þola bæði andlegt og líkamalegt ofbeldi af hálfu ákærða. Ákærði hafi litið á þetta sem refsingu gagnvart börnunum. E kvaðst oft hafa rætt þetta við ákærða þar sem hún væri á móti ofbeldi en hann þá sagt að hann væri [...] og þetta væri hluti af uppeldinu. E sagði að ákærði hefði lamið drengina með plastslöngunni frá því að þau komu til Íslands árið 2016 og það hafi gerst oftast en tuttugu sinnum. Þá hafi ákærði einu sinni lamið eða kýlt C í andlitið og hann fengið blóðnasir. E sagðist hafa séð áverka á handleggjum drengjanna en það hafi aldrei verið leitað til læknis vegna þess. E lýsti því einnig að ákærði hefði lamið hana með skóm og einnig sett kodda yfir hana og ætlað að kæfa hana.

E gaf einnig skýrslu hjá lögreglu 7. október 2020 varðandi ofbeldi ákærða gagnvart henni. Hún sagði að áður en atvikið varð 10. september 2019 hafi verið endalaus vandræði hjá henni og ákærða. Ákærði hafi beitt hana andlegu ofbeldi og viljað stjórna öllu. Eftir að þau fluttu til [...] hafi ákærði alltaf verið að segja að E hefði breyst og hún væri ekki lengur góð eiginkona. Ákærði hafi einnig beitt hana fjárhagslegu ofbeldi og ekki viljað kaupa mat eða aðrar nauðsynjar fyrir hana og börnin. E lýsti því að 10.

september 2019 hafi ákærði verið búinn að magna upp mikla reiði innra með sér og ráðist á hana. Ákærði hafi slegið hana á báðar kinnar með flötum lófa og með krepptum hnefa á hægri kinn. Ákærði hafi einnig lamið hana í höfuð og andlit með plastinniskóm og það hafi verið fleiri en 20 högg. Þá hafi ákærði slegið hana fleiri en 20 hnefahögg með báðum höndum. Ákærði hafi síðan tekið fast um neðri vör hennar og hrint henni svo hún hafi fallið aftur fyrir sig í sófa. Ákærði hafi þá sest klovvega yfir hana þar sem hún hafi legið á bakinu á sófanum og sett stóran kotta yfir andlit hennar, þrýst honum fast niður með báðum höndum og reynt að kæfa hana. Henni hafi fundist að hún væri að deyja og ítrekað beðið ákærða að hætta. Þá hafi hún reynt að öskra í þeirri von að nágrannar myndu heyra til hennar. E kvaðst hafa fengið áverka í andliti við árás ákærða. Hann hafi haft í hótunum við hana að ef hún myndi hringja í lögreglu og hann hafi læst íbúðinni svo hún kæmist ekki út. Hún hafi verið mjög hrædd og farið inn í herbergi og læst að sér. Ákærði hafi farið út úr íbúðinni og hún þá ætlað gangandi á lögreglustöð en hitt þar fyrir utan tvo [...] karlmenn og hún þá snúið við og farið heim. Á leiðinni heim hafi hún hitt son sinn B sem hafi séð ástandið á henni og hringt á lögregluna.

Samkvæmt áverkavottorði leitaði E á dagvakt heilsugæslu 11. september 2019 eða í kjölfar atviksins sem lýst er í 2. tölulið ákæru. Í vottorðinu segir að hún hafi leitað þangað vegna þess að eiginmaður hennar hafi beitt hana líkamlegu ofbeldi daginn áður en fyrir það hafi maðurinn beitt hana andlegu ofbeldi og öskrað á hana. Um áverka segir: „Hún er með áverka á neðri vör, er marinn innan á vörinni, töluvert mar er vinstra megin eftir að hann sló hana, einnig kýldi hann hana í enni, brú á nefi og sneri upp á úlnlið. Hann sneri upp á úlnliðinn, sparkaði í hana og beitti hnefa.“ Þá segir að E sé aum yfir úlnlið og jarka á hendi og virðist hún hafa tognað á úlnliðnum. Hún sé einnig aum yfir nefi og enni en ekki sjáist beint mar þar. Þá er tekið fram að yfirbragð konunnar sé mjög dapurlegt og ljóst að henni líði illa.

Ákærði og E fengu skilnað að borði og sæng [...] 2020 og skömmu síðar mun ákærði hafa flutt af sameiginlegu heimili þeirra. Með ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 19. júní 2020 var ákærða gert að sæta nálgunarbanni gagnvart konunni og börnum þeirra í allt að sex mánuði og með ákvörðun lögreglustjóra 17. desember 2020 var ákærða gert að sæta nálgunarbanni gagnvart konunni og börnunum allt til 18. mars 2021. Í bæði skiptin sætti ákærði sig við ákvörðun lögreglustjóra.

Fyrir lögreglu neitaði ákærði sök fyrir utan það að hann kvaðst hafa í september 2019 gefið eiginkonu sinni þrisvar kinnhest á varirnar eftir að hún hafði sært hann mikið með orðum.

III

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi:

Ákærði neitar sök og kveðst ekki hafa beitt börn sín ofbeldi, sbr. 1. tölulið ákæru, né valdið E þeim áverka sem lýst er í 2. tölulið ákæru.

Ákærði kvaðst aldrei hafa beitt börn sín ofbeldi en þau lýsi ofbeldi af hans hálfu vegna þess að móðir þeirra segi þeim að gera það. En móðir þeirra æsi börnin gegn ákærða og þau séu hrædd við hana. Ákærði segist vera eins við öll börnin og hann sé vinur þeirra allra. Þau leiki og hlæi saman.

Hvað varðar áverkana á E sagði ákærði að þau hafi verið að rífast í umrætt sinn, hún hafi öskrað á ákærða og hann sagt henni að þegja. Konan hafi farið út á svalir og lamið þar höfðinu í svalahurð og svalahandrið. Þetta hafi gerst um hádegi þegar börnin hafi verið í skóla. Lögregla hafi komið og E farið á brott en þegar hann hafi séð hana síðar sama dag hafi hann séð áverka í andliti hennar. Ákærði sagði ekki rétt eftir sér haft í lögregluskýrslu þar sem hann hafi átt að segja að hann hafi lamið E í andlitið. Hann kvaðst hafa dregið E inn af svölum og sagt henni að hætta að öskra. Þegar hún hafi ekki gert það hafi hann sett hendi tvisvar eða þrisvar laust á munninn á henni. Ákærði sagði að áverkarnir á E hafi ekki verið af hans völdum.

Vitnið og brotapolinn E lýsti atvikum þannig að ákærði hafi 10. september 2019 ætlað að drepa vitnið. Ákærði hafi kýlt og lamið vitnið með inniskóm og ætlað að kæfa það með koddum. Hann hafi sett koddann yfir andlitið á vitninu þannig að það gat ekki andað. Vitnið kvaðst hafa verið ofsalega hrætt um sig og börnin og reynt að öskra. Vitnið kvaðst hafa komist undan og farið út á svalir. Vitnið sagðist ekki hafa viljað gefa skýrslu hjá lögreglu sama dag og lýsa atvikum þar sem vitnið hafi verið svo hrætt við ákærða. Á þeim tíma hafi vitnið ekki þekkt neinn hér á landi til að standa með því en vitnið sagði að það hafi verið mistök að greina ekki strax frá atvikum hjá lögreglu. En vitnið hafi síðan gefið skýrslu hjá lögreglu ári síðar. Vitnið sagði að sonur þeirra hafi hringt á lögreglu í umrætt sinn en börnin hafi séð áverkana á vitninu og það sagt þeim að ákærði

hafi valdið áverkunum. Sonurinn hafi sagt að þetta gæti ekki gengið og hringt að eigin frumkvæði á lögreglu.

E sagði að ákærði hafi beitt börn þeirra miklu líkamlegu ofbeldi á heimili þeirra. Hann hafi m.a. lamið undir fætur þeirra og þá beðið þau sem hann var ekki að lemja að halda því barni sem ætlaði að lemja. Ef þau myndu ekki gera það sagðist hann myndi lemja þau. Þetta hafi gerst mjög oft og börnin hafi hlýtt ákærða þar sem þau hafi verið mjög hrædd við hann. Vitnið sagði að ákærði hafi mismunað börnunum til þess að þau myndu hata hvort annað. Ákærði hafi sagt við C son þeirra að ákærði hataði drenginn. Fyrir um tveimur árum hafi ákærði lamið C í andlitið með þeim afleiðingum að hann fékk blóðnasir. Ákærði hafi farið með C inn í herbergi og þegar hann hafi komið aftur út úr herberginu hafi hann verið blóðugur. Ákærði hafi sagt að honum væri alveg sama þó C færi út af heimilinu en hin börnin hafi verið heima þegar þetta gerðist. Vitnið sagði að ákærði hafi beitt börnin ofbeldi frá því að fjölskyldan kom til Íslands árið 2016. Vitnið kvaðst hafa reynt að stöðva ofbeldið en þá hafi ákærði sagt að hann mætti gera það sem hann vildi og þetta væru börnin hans. Vitnið sagði að ákærði hataði það og hann hótaði vitninu að það fengi ekki að sjá börnin. Lífið væri mikið betra núna eftir að ákærði fór af heimilinu en vitnið væri hrætt þegar ákærði væri að elta þau og hóta þeim. Vitnið sagði að mál fjölskyldunnar væri hjá barnavernd og vitnið að leita sér aðstoðar hjá sálfræðingi.

Börn ákærða gáfu skýrslu fyrir dómi í Barnahúsi í maí 2020.

Vitnið og sonur ákærða, A, er fæddur [...] og kallaður A. Vitnið sagði að ákærði væri oft búinn að meiða þá bræður. Ákærði léti bræður vitnisins halda fótum þess og ef þeir gerðu það ekki lemdi hann þá. Síðan lemji ákærði undir fót vitnisins en klæði það áður úr sokkum. Vitnið taldi að þetta hefði gerst þrettán sinnum og tvisvar hefði ákærði slegið með slöngu en einnig með inniskóm. Vitnið kvaðst meiða sig svo mikið við þetta að það þyrfti að labba á ská eftir að ákærði lemdi það. Vitnið sagði að ákærði væri alltaf að meiða sig og lemja bræður þess í fætur og bak og einu sinni hafi hann kýlt bróður vitnisins með þeim afleiðingum að hann fékk blóðnasir. Vitnið kvaðst hafa séð bróður sinn með blóðnasir og hann hafi sagt að ákærði hafi kýlt hann. Vitnið sagði að ákærði væri alltaf að lemja og hann hefði einnig lamið systur vitnisins. Hann hafi lamið öll börnin og m.a. notað prik. Hann hafi lamið börnin með prikinu í fætur, maga og bak.

Vitnið lýsti því að ákærði notaði aldrei nöfn bræðranna heldur segði krakki og einnig asni. Vitnið sagði að þau vildu ekki hafa ákærða nálægt sér og það vildi að ákærði færi frá landinu enda væri vitnið hrætt við ákærða. Vitnið sagði að það væri ekkert líf að ákærði væri alltaf að meiða, gera grín að þeim og elta þau. Þegar ákærði hafi búið hjá þeim hafi hann sótt vitnið á fótboltaæfingar og ekki leyft vitninu að klára æfingarnar. Það hafi kannski bara verið búnar 10 mínútur af klukkutíma æfingu þegar ákærði hafi komið og skipað vitninu að koma. Vitnið hafi ekki þorað að mótmæla því þá yrði ákærði reiður. Vitnið lýsti því að ákærði notaði reikning á „facebook“ í nafni vitnisins.

Vitnið og sonur ákærða, C, er fæddur [...]. Vitnið lýsti því að ákærði hafi skipað vitninu og eldri bróðir þess að halda fótum A, yngri bróður vitnisins, og þegar þeir hafi ekki viljað það hafi ákærði sagst ætla að meiða þá. Ákærði hafi síðan meitt A í fæturna með slöngu og inniskóm og þetta hafi gerst oft. Ákærði hafi einnig lamið vitnið líklega tvisvar með slöngunni og þá hafi ákærði látið bræður vitnisins halda því. Ákærði hafi einnig lamið B með inniskóm í fæturnar. Þá hafi ákærði einu sinni kýlt vitnið í nefið og það fengið blóðnasir. Ákærði hafi í fleiri skipti lamið vitnið og einnig hafi ákærði lamið A í andlitið og ákærði gert það reyndar við alla. Ákærði hafi gert þetta síðan fjölskyldan kom til Íslands og þetta hafi gerst oft. Þá lýsti vitnið því að ákærði væri alltaf að uppnefna það og kalli vitnið nafni móðurafa þess. Ákærði uppnefni einnig yngri bróður vitnisins og segi yfirleitt ekki nafnið hans. Vitnið sagði að ákærði hefði lamið móður þess einu sinni með inniskó og það hafi sést skófar á henni en vitnið hafi ekki séð þegar ákærði lamdi hana. Vitnið kvaðst vera hræddur við ákærða og hlaupa í burtu ef vitnið sér hann og hann segi vitninu að koma til sín. Vitnið kvaðst vera hrætt um að ákærði taki það frá móður þess. Vitnið lýsti því á sama hátt og vitnið B að ákærði væri með reikning á „facebook“ í nafni A og segði þar m.a. að hann hataði mömmu en það væri ekki A sem væri að segja þetta heldur ákærði.

Vitnið og sonur ákærða, B, er fæddur [...]. Vitnið sagði að ákærði meiddi móður sína meðan vitnið og systkini þess væru í skólanum. Þá hafi ákærði oft meitt vitnið og systkini þess með inniskó og slöngu. Ákærði segi við vitnið og C bróður þess að halda fæti A, yngri bróður þeirra, og síðan meiði ákærði A með slöngu með því að lemja í iljarnar á honum. Ef A náði að hreyfa fæturnar þá skipi ákærði þeim bræðrum að halda fast. Ef þeir bræðurnir neiti að halda A hóti ákærði að meiða þá. Þá lemji ákærði einnig í bakið með

inniskóm og slöngunni. Vitnið sagði að ákærði hefði einnig lamið það fast og það hefði gerst oftast en þrisvar m.a. með hörðum inniskóm. Þá lýsti vitnið því að ákærði hefði einu sinni kýlt C og hann fengið blóðnasir. Vitnið kvaðst ekki hafa séð það en móðir þess hafi sagt vitninu frá því. Vitnið sagði að ákærði hafi lamið alla syni sína með slöngunni en ekki systur þeirra. Vitnið kvaðst vera mjög hrætt við ákærða og það langi ekkert til að sjá hann. Þegar vitnið sjái ákærða sé hann oft að gefa mjög ljót merki með höndunum og hann veiti þeim þ.e. móður vitnisins og þeim systkinum stundum eftirför og segi þá mjög ljót orð við móður þeirra. Vitnið sagði að ákærði hringdi stundum í það og segði mjög ljót orð við vitnið. Vitnið sagði að ákærði hataði C mest en ákærði hataði einnig móðurfjölskyldu þeirra. Vitnið lýsti því að nú væri allt betra þegar þau systkinin væru ein með móður þeirra og þau vilji ekki sjá ákærða. Ef þau sjái hann verði systir vitnisins mjög hrædd, A fari að gráta og dagurinn sé þá ónýtur. Þau systkinin óttist að ákærði taki þau og feli þannig að móðir þeirra geti ekki séð þau. Þau óttist einnig að ákærði meiði þau. Vitnið sagði að ákærði hefði búið til reikning (account) á facebook á nafni A þannig að það líti þannig út að hann sé að skrifa á síðuna. Ákærði segi þar m.a. að hann þ.e. A langi til að koma til ákærða og A langi ekki til að vera með móður þeirra.

Vitnið og dóttir ákærða, D, er fædd [...]. Vitnið lýsti því að ákærði öskraði á það og meiddi bræður þess. Vitnið sagði að ákærði hefði meitt með hörðum inniskóm og hann hafi sagt bróður vitnisins að taka í fótinn og síðan hafi ákærði meitt alla bræður vitnisins. Ákærði hafi einnig meitt móður vitnisins á vörinni og ýtt henni. Vitnið sagði að ákærði hefði tekið heimilið af þeim en það sé mjög gott að ákærði sé ekki heima hjá þeim. Vitnið kvaðst aldrei ætla að hugsa um ákærða og þá líði því miklu betur.

Vitnið, F, kvaðst hafa verið stuðningur við fjölskyldu ákærða þegar hún kom til Íslands árið 2016 sem [...]. Vitnið sagði að E hafi sagt sér frá atvikinu sem lýst er í 2. tölulið ákæru og sent sér myndir af áverkunum. Vitnið kvaðst síðan hafa hitt E nokkrum dögum seinna og séð áverkana. E hafi m.a. sagt að ákærði hefði lamið hana með skóm en hún hafi ekki lýst atvikum nákvæmlega m.a. vegna þess að hún hafi haft takmarkaðan orðaforða. Vitnið sagði að E hafi sagt því u.þ.b. mánuði áður að hún vildi skilja við ákærða vegna þess að hann vildi ekki leggja fjármuni til framfærslu fjölskyldunnar svo sem fyrir skóla og frístundir barnanna heldur senda peninga til [...]. Vitnið sagði að E hafi einnig sagt því frá miklu ofbeldi af hálfu ákærða m.a. að ákærði hefði ráðist

á C og hann fengið blóðnasir. E hafi einnig lýst áreiti, truflun og að ákærði væri með óhróður á facebook um E. Þá kvaðst vitnið vita til þess að ákærði hefði átt við bifreið E þannig að ekki hafi verið hægt að gangsetja hana.

Vitnið, G lögreglumaður, sagði að lögreglu hefðu borist tvær tilkynningar 10. september 2019 um eitthvað óeðlilegt í [...]. Lögreglumaður hafi farið á vettvang en komið aftur til baka. Síðan hafi verið hringt aftur og þá hafi E viljað gera lítið úr málinu en þá hafi sonur hennar komið í símann og sagt að ákærði hefði ráðist á móður hans. Lögregla hafi þá farið aftur á vettvang en þá hafi ákærði ekki verið heima. Hann hafi síðan komið og þá verið handtekinn og fluttur á lögreglustöð. Vitnið kvaðst lítið hafa rætt við E en það hafi rætt við börnin sem hafi lýst ofbeldi ákærða gagnvart móður þeirra og andlegu ofbeldi gegn börnunum. Vitnið mundi ekki eftir því að hafa séð áverka á E. Vitnið sagði að lögregla hefði eftir þetta haft afskipti af málum fjölskyldunnar innan og utan heimilisins m.a. vegna þess að ákærði hafi verið að nálgast börnin eftir að honum var gert að sæta nálgunarbanni gagnvart þeim og móður þeirra.

Vitnið, H, lögreglumaður segir að komið hafi verið með E og börn hennar á lögreglustöð 10. september 2019 en konan hafi verið grátandi, ekki þorað að gefa skýrslu og dregið úr því sem gerst hafði. Vitnið kvaðst hafa tekið myndir af E vegna þess að vitnið taldi að framhald yrði á málinu miðað við áverka hennar.

Vitnið, I lækni, sagði að E hefði leitað til læknis vegna heimilisofbeldis í kjölfar atviksins 10. september 2019. En E hafi verið lamin og verið með áverka í andliti. Vitnið sagði að E hafi verið döpur og liðið illa en einnig hafi komið fram upplýsingar um andlegt ofbeldi.

Vitnið, J sálfræðingur hjá barnavernd [...], kvaðst hafa rætt við börn ákærða vegna heimilisofbeldis. Í fyrstu hafi þau lítið vilja segja en síðan hafi þau sagt frá ofbeldi af hálfu ákærða. C hafi m.a. sagt að ákærði hafi kýlt C og hann fengið blóðnasir og þá hafi börnin sagt að ákærði meiddi þau með slöngu. Vitnið sagði að börnin hafi verið að lýsa alvarlegu ofbeldi og því hafi málinu verið vísað til lögreglu. Vitnið sagði að börnin hafi verið hrædd og lýst mikilli vanlíðan en það væri aldrei ró í kringum þau vegna framkomu ákærða. Vitnið sagði að börnin upplifðu sig í hættu og væru hrædd um móður sína vegna

ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa rætt við móður þeirra en verið viðstödd viðtöl félagsráðgjafa við hana. Börnin hafi fengið stuðning í Barnahúsi og skóli þeirra hefur samband við barnavernd ef ástæða þykir til en nauðsynlegt sé að tryggja öryggi þeirra.

Vitnið, K félagsráðgjafi hjá barnavernd [...], sagði að mál fjölskyldunnar hafi borist þangað í september 2019 bæði frá lögreglu og heilsugæslu. E hafi greint vitninu frá ofbeldinu í september 2019 og vitnið hafi séð áverkana eftir það. Vitnið sagði að í fyrstu hafi E verið buguð, liðið illa og verið í uppnámi vegna bæði líkamlegs og andlegs ofbeldis. Vitnið kvaðst hafa hitt börnin með Auði og í viðtölum við hana hafi þau lýst ofbeldi af hálfu ákærða. Í dag liði þeim betur en þau væru hrædd við ákærða og vilji ekki hitta hann. Ákærði fylgist með þeim m.a. þegar þau eru hjá vinum sínum og í íþróttum. Börnin óttist hvað ákærði kunni að gera og dóttir ákærða sé mjög hrædd og óttist að hann taki hana.

Vitnið, L sálfræðingur í Barnahúsi, kvaðst hafa verið með syni ákærða, C og A, í viðtölum til að fræða þá og meta meðferðarþörf. Vitnið sagði að C hafi lýst miklum ótta gagnvart ákærða og daglegu ofbeldi en m.a. hafi ákærði lamið hann með skóm. C hafi greinst með kvíða en hann fengi líkamleg kvíðaeinkenni ef hann yrði var við ákærða. Framkoma ákærða ylli miklu óöryggi hjá C og hindraði daglegt líf hans þar sem hann væri alltaf á varðbergi vegna hræðslu við að sjá ákærða. Vitnið sagði að ástand A væri keimlíkt og hann hafi einnig lýst miklum ótta við ákærða en A yrði mjög mikið var við ákærða við skólann og þegar drengurinn væri að heimsækja vini sína. Drengurinn óttist að ákærði taki hann og þá sé drengurinn hræddur um móður sína. A hafi lýst ofbeldi af hálfu ákærða en hann hafi m.a. lamið drenginn með belti.

Vitnið, M sálfræðingur hjá Barnahúsi, kvaðst hafa rætt við drenginn B og stúlkuna D. Stúlkun væri að upplifa mikla ógn af ákærða og hún óttist að hann taki hana. Stúlkun hafi sagt að ákærði hafi verið vondur við fjölskylduna en fyrir utan það liði henni vel. Vitnið sagði að það þyrfti að fylgjast með stúlkunni og veita henni þjónustu vegna ótta hennar við ákærða. B hafi ekki lýst ótta vegna hans sjálfs gagnvart ákærða heldur vegna annarra fjölskyldumeðlima. Drengurinn óttist að ákærði drepri móður þeirra og verði vondur við systur hans. Drengurinn hafi m.a. komist í uppnám í viðtölum vegna þess að skömmu

áður hafði ákærði reynst að nálgast systur drengsins. Þá hafði drengurinn áhyggjur af því að nálgunarbann sem ákærði sætti væri runnið út.

IV

Niðurstaða:

Ákærða er gefið að sök ofbeldi í nánu sambandi þ.e. gagnvart börnum sínum og fyrrum eiginkonu. Ákærði neitaði sök fyrir dómi en í skýrslutöku hjá lögreglu í kjölfar atviksins sem lýst er í 2. ákærulið sagðist ákærði hafa slegið eiginkonu sína tvisvar til þrisvar sinnum laust á munninn þegar hann hafi verið að segja henni að róa sig og hafa lægra. Áverkarnir á konunni hafi verið eftir þetta. Fyrir dómi sagði ákærði að þetta væri ekki rétt og áverkarnir hafi ekki verið af hans völdum. Ákærði kveðst aldrei hafa beitt börnin sín ofbeldi og ástæða þess að þau lýstu ofbeldi af hans hálfu væri sú að móðir þeirra segði þeim að segja þetta. Börnin væru hrædd við hana og þau myndu ekki þora öðru en að gera það sem hún segi þeim að gera.

Ákæruliður 1:

Eins og fram er komið lýsti E, fyrrum eiginkona ákærða, því fyrir dómi að ákærði hefði beitt öll börn þeirra miklu líkamlegu og andlegu ofbeldi á heimili þeirra. Hann hafi m.a. lamið undir fætur drengjanna og þegar ákærði hafi ætlað að lemja eitt barnanna hafi hann sagt hinum að halda því á meðan. Ef þau gerðu það ekki myndi hann einnig lemja þau. Þetta hafi gerst mjög oft en vitnið reynt að stöðva þetta án árangurs. Vitnið sagði að ákærði hafi mismunað börnunum til þess að þau myndu hata hvort annað. Ákærða hafi sagst mega beita börnin ofbeldi því þetta væru hans börn. E lýsti því sérstaklega að ákærði hefði lamið soninn C í andlitið fyrir um tveimur árum með þeim afleiðingum að hann fékk blóðnasir.

Börn ákærða, sem öll eru ung að aldri, hafa öll lýst ofbeldi í sinn garð af hálfu ákærða, sbr. framanritað. A, sem er fæddur [...], lýsti því að ákærði væri oft búinn að meiða þau systkinin. Hann létí bræður A halda fótum hans meðan ákærði lemdi undir fætur drengsins með slöngu eða inniskóm. Hann hafi stundum eftir þetta ekki getað gengið eðlilega. A sagði að ákærði hefði eitt sinn kýlt C bróður hans með þeim afleiðingum að C fékk blóðnasir. Þá hafi ákærði lamið þá bræður með priki í fætur, maga og bak. A kvaðst helst vilja að ákærði færi frá Íslandi.

C, sem er fæddur [...], sagði að ákærði hefði oft sagt C og eldri bróður hans að halda A meðan ákærði hafi meitt A í fætur með slöngu og inniskóm. Ákærði hafi einnig lamið vitnið og bróður þess B með inniskóm í fætur. Þá hafi ákærði kýlt C einu sinni í nefið og hann fengið blóðnasir. C kvaðst vera hræddur við ákærða og hlaupa í burtu ef hann sér hann.

B, sem er fæddur [...], sagði að ákærði hefði oft meitt þau systkinin með slöngu eða inniskóm. Ákærði hafi sagt B og C að halda A meðan ákærði lamdi A í iljarnar með slöngu en ákærði lemdi einnig í bakið. Ákærði hafi oftast en þrisvar lamið B með hörðum inniskóm en einu sinni hafi ákærði kýlt C og hann fengið blóðnasir. B kvaðst ekki hafa séð þetta en móðir hans sagt frá þessu. Ákærði hafi lamið alla bræðurna með slöngu en ekki systir þeirra. B kvaðst vera hræddur við ákærða og ekki vilja sjá hann.

D, sem er fædd [...], sagði að ákærði öskraði á sig en meiddi alla bræður hennar og notaði við það harða inniskó. Þá hafi ákærði meitt móður hennar og stúlkan kvaðst aldrei hugsa um ákærða og þá liði henni betur.

Samkvæmt skýrslu barnaverndar [...] lýstu allir synir ákærða ofbeldi af hans hálfu gagnvart þeim. C lýsti því m.a. að ákærði hefði kýlt C í nefið og hann meitt sig mikið og fengið blóðnasir. B sagði einnig frá því að ákærði hefði meitt C mikið þannig að það hafi blætt úr nefinu á honum en einu sinni hefði móðir vitnisins náð að stöðva ákærða þegar hann hafi ætlað að ráðast á C. A sagði að ákærði væri alltaf að meiða hann og gera grín að honum. Ákærði meiddi með inniskó og lemdi undir fótinn með snúru eða bandi. D sagði að andlitið á ákærða yrði hræðilegt þegar hann yrði reiður og hún yrði þá hrædd við að horfa á hann. Þá sé ákærði að reyna að taka þau börnin og hún dreymi hann á nóttinni en hann sé vondur.

Á tímabilinu október 2020 til janúar 2021 voru öll börnin í viðtölum hjá sálfræðingum í Barnahúsi. Þar lýstu þau öll því að ákærði hefði beitt þau líkamlegu ofbeldi. A sagði m.a. frá því að ákærði hefði lamið sig daglega með belti. C sagði að ákærði hefði lamið sig daglega með skóm. B sagði að ofbeldið væri bara ákærða að kenna og hann óttaðist mjög um systkini sín og móður þeirra gagnvart ákærða. D var sýnd mynd af karlmanni sem

stendur ógnandi yfir konu og þá sagði stúlkan „svona gerir pabbi, meiddi mömmu, kom smá blóð á vörina hennar.“ Stúlkan sagði einnig að ákærði hefði meitt hana með inniskó og „pabbi hefur slegið með hendinni, meiddi mig mikið.“

Eins og fram er komið neitar ákærði sök og segir að börnin lýsi ofbeldi gagnvart sér af hans hendi vegna þess að móðir þeirra segi þeim að gera það. Börnin séu hrædd við móður sína og þori ekki öðru en að gera það sem hún segir. Eins og fram er komið hafa öll börnin lýst ofbeldi af hálfu ákærða oftár en einu sinni, á mismunandi tímum og fyrir fleiri en einum aðila m.a. fyrir dómi. Hefur framburður þeirra verið mjög á sama veg á mismunandi stigum málsins. Ekkert er fram komið um annað en að börnin séu að skýra satt og rétt frá atvikum og verður að telja útilokað að framburðir þeirra væru eins eindregnir og þeir eru nema þau væru að skýra frá því sem gerst hefði og upplifun þeirra af atvikum eins og þau voru. Enda er ekkert sem styður það að börnin séu hrædd við móður sína heldur þvert á móti þyki þeim mjög vænt um hana og óttist um hennar hag gagnvart framkomu og ofbeldi ákærða. Þá er ekkert fram komið sem bendir til annars en að framburður E, móður barnanna, um ofbeldi af hálfu ákærða gagnvart henni og börnunum sé réttur. Um leið er framburður ákærða, m.a. með hliðsjón af rannsóknargögnum málsins, þess efnis að hann hafi ekki gerst sekur um ofbeldi gagnvart börnunum talinn ótrúverðugur og verður hann ekki lagður til grundvallar þegar komist verður að niðurstöðu hvað 1. ákærulið varðar.

Með vísan til ofanritaðs og með hliðsjón af rannsóknargögnum málsins þykir hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í 1. tölulið ákæru.

Með 4. gr. laga nr. 23/2016 kom 1. mgr. 218. gr. b í almenn hegningarlög nr. 19/1940 en í 4. gr. frumvarpsins sem varð að lögum nr. 23/2016 segir m.a.: „Þá er vernd barna sem búa við ofbeldi aukin með ákvæðinu. Ákvæðið verndar öll börn sem búa við heimilisofbeldi hvort sem verknaður eða aðferð sem beitt er til að skapa ástand ógnar, ofríkis eða kúgunar beinist beinlínis gegn þeim eða ekki.“ Háttsemi ákærða sem lýst er í 1. tölulið ákæru beindist gegn börnunum sjálfum og með henni ógnaði ákærði börnum sínum og sýndi þeim vanvirðandi hegðun, yfiringang og ruddalegt athæfi. Háttsemin þykir því rétt færð til refsíákvæða í ákæru og því hefur ákærði brotið gegn 1. mgr. 218. gr. b.

almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Ákæruliður 2:

Í frumskýrslu lögreglu segir að tilkynning hafi borist til fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra um að ótilgreindur aðili hafi hringt inn og tilkynnt um að faðir tilkynnanda væri að lemja móður hans. Tilkynnandi hafi slitið símtalinu áður en hægt hafi verið að spyrja frekari spurninga en við athugun kom í ljós að hringt hafi verið úr símanúmeri sem var skráð á eiginkonu ákærða E. Þegar lögregla hringdi í númerið svaraði E en hún kannaðist lítið við málið og var hikandi í svörum. En þá greip B sonur hennar símann og sagði ákærða vera að lemja E og þau vildu að hann færi í fangelsi. E og börnin voru sótt og flutt á lögreglustöð og þar sagði B, elsti sonur ákærða, að ákærði ráðist reglulega á móður B og tali illa um hana. Það voru sjáanlegir áverkarnir á E þ.e. neðri vör sprungin og marín, hrúfl á enni hægra megin og roði og skrámur víðsvegar um andlit. Ljósmyndir staðfesta áverkana. E vildi ekki gefa skýrslu og sagðist ekki ætla að aðhafast neitt í málinu.

Eins og fram er komið leitaði E lækni daginn eftir atvikið og þar lýsti hún fyrir lækni ofbeldi af hálfu ákærða daginn áður. Ákærði hafi slegið hana, kýlt í enni og nef og snúið upp á úlnlið. Einnig hafi ákærði sparkað í hana og beitt hnefa. Í áverkavottorði er síðan lýst áverkum af völdum ákærða m.a. eymslum í úlnlið, líklega tognun, og jarka á hendi. Einnig eymsli yfir nefi og enni.

Vitnið og fyrrum eiginkona ákærða, E, gaf skýrslu hjá lögreglu vegna málsins 7. október 2020 en hún gaf einnig skýrslu hjá lögreglu 28. maí sama ár þar sem hún kom inn á ofbeldi ákærða gagnvart henni. Bæði hjá lögreglu og fyrir dómi lýsti E því að ákærði hafi ráðist á hana 10. september 2019. Ákærði hafi lamið hana á báðar kinnar með flötum lófa og einnig með inniskóm og hún hlotið við það áverka í andliti. Ákærði hafi einnig sett koddá yfir andlitið á E og reynt að kæfa hana. Hjá lögreglu sagði E að ákærði hefði einnig slegið hana með krepptum hnefa á hægri kinn og hann hefði slegið yfir 20 hnefahögg með báðum höndum og fleiri en 20 högg með inniskóm úr plasti eða gúmmí. Rannsóknargögn og framburðir annarra vitna styðja framburð E þó umrædd vitni hafi ekki orðið vitni að árásinni sem slíkri, sbr. síðar. Ekkert er fram komið í málinu sem

bendir til þess að framburður E sé rangur varðandi árás ákærða á hana 10. september 2019 og verknadarlysing í 2. tölulið ákæru er í samræmi við framburð E sem og afleiðingar árásarinnar sem þar er lýst.

Tveir synir ákærða, C og B, skýrðu frá ofbeldi ákærða gagnvart móður þeirra. C sagði að ákærði hefði einu sinni lamið móður hans með inniskóm og það hafi sést skófar á henni. C kvaðst ekki hafa séð þegar þetta gerðist. B sagði að ákærði myndi meiða móður drengsins meðan hann og systkini hans væru í skólanum. D, dóttir ákærða, sagði að ákærði hefði meitt móður hennar í vörina og ýtt henni.

Vitnið, F, sem var stuðningur við fjölskyldu ákærða eftir að hún kom til Íslands árið 2016 sagði að E hefði sagt vitninu frá atvikinu 10. september 2019 og sent vitninu mynd af áverkunum en vitnið hefði einnig hitt E nokkrum dögum síðar og séð áverkana.

Vitnið, H lögreglumaður, hitti E á lögreglustöð eftir atvikið 10. september 2019. Vitnið sagði að E hafi verið grátandi og ekki viljað gefa skýrslu vegna málsins en lögreglumaðurinn tekið myndir af áverkum sem hafi verið á E þar sem hann mat það svo að framhald yrði á málinu.

Vitnið, K starfsmaður barnaverndar [...], sagði að E hafi greint vitninu frá ofbeldi ákærða í september 2019 og vitnið hafi séð áverkana á E eftir atvikið 10. þess mánaðar.

Framburður ákærða fyrir dómi varðandi atvikið 10. september 2019 þykir ekki trúverðugur enda er hann ekki í samræmi við framburð hans hjá lögreglu og ákærði gaf ekki trúverðuga skýringu á breyttum framburði sínum. Þá er ekkert komið fram í málinu sem styður það að E hafi sjálf valdið sér áverkunum sem hún hlaut 10. september 2019 eins og ákærði hélt fram fyrir dómi. Verður framburður ákærða því ekki lagður til grundvallar þegar komist verður að niðurstöðu varðandi 2. tölulið ákærunnar enda þykir hann ekki trúverðugur.

Ofangreind vitni fyrir utan E voru ekki vitni að því þegar ákærði á að hafa veitt henni áverkana 10. september 2019 en hluti vitnanna sá áverkana skömmu síðar. Framburðir þessara vitna geta því einir og sér ekki dugað til sakfellingar í málinu en þeir eru til

stuðnings framburði brotþola sem ávallt hefur verið á sama veg þ.e. hjá barnavernd, lögreglu og lækni og fyrir dómi. Þykir því mega leggja framburð E til grundvallar þegar komist verður að niðurstöðu varðandi 2. tölulið ákæru.

Þegar allt framanritað er virt og með hliðsjón af rannsóknargögnum málsins þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í 2. tölulið ákæru og valdið þeim áverkum á E sem þar er lýst.

Brot ákærða skv. 2. tölulið ákæru er talið varða við 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði hafnar því að háttsemin, teljist hún sönnuð, varði við tilgreint ákvæði. Ákvæði 218. gr. b var bætt inn í hegningarlögin með 4. gr. laga nr. 23/2016. Í athugasemdum með 4. gr. frumvarpsins sem varð að lögum nr. 23/2016 segir m.a.: „Með ákvæðinu er lagt til að við lögin bætist nýtt ákvæði, er verði 218. gr. b, þar sem ofbeldi í nánnum samböndum verði sérstaklega lýst refsivert. [...]. Með ákvæðinu er lögð áhersla á að ofbeldi í nánnum samböndum feli ekki einungis í sér samansafn einstakra tilvika heldur megi virða slíka háttsemi sem eina heild. Athyglin er þannig færð á það ógnar- og óttaástand sem getur skapast og jafnframt á þá viðvarandi andlegu þjáningu, kúgun, og vanmátt sem þolandi upplifir við slíkar aðstæður. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins er það gert að skilyrði að háttsemi sé endurtekin eða alvarleg svo hún verði refsiverð samkvæmt ákvæðinu. Með því að háttsemi sé endurtekin er vísað til þess að hún hafi staðið yfir í lengri eða skemmri tíma þannig að telja megi að viðvarandi ógnarástand hafi skapast. Þó er ekki útilokað að einstakt brot geti fallið undir ákvæðið ef það nær tilteknu alvarleikastigi. Minni háttar brot sem ekki ná því stigi gætu eftir sem áður varðað við vægari refsíákvæði eins og 1. mgr. 217. gr. laganna.“ Í máli þessu er ákært fyrir eitt tilvik gagnvart fyrrum eiginkonu ákærða og ekki verður talið miðað við verknaðarlýsingu í ákæru og afleiðingar árásarinnar að verknaðurinn hafi á alvarlegan hátt ógnað heilsu eða velferð brotþola. Í ákæru segir að ákærði hafi tekið fast um munn og slegið fyrrum eiginkonu sína ítrekað í andlitið með flötum lófa. Ekki er hægt að leggja til grundvallar með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum að þessi háttsemi ákærða hafi verið þess eðlis að verknaðurinn verði heimfærður undir 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hins vegar á hún undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga þar sem kveðið er á um að líkamsárás verði allt að sex mánaða fangelsi. Þar sem vörnum ákærða varð í engu áfátt, þótt háttsemi hans hafi í ákæru verið talið

varða við annað hegningarlagaákvæði, ber að sakfella hann fyrir líkamsárás samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing:

Ákærði hefur unnið sér til refsingar skv. 1. mgr. 218. gr. b og 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og skv. 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu hér á landi svo kunnugt sé og verður tekið tillit til þess við ákvörðun refsingar, sbr. 5. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. En refsing ákærða verður einnig ákveðin með hliðsjón af 77. gr. laganna. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot gegn fyrrum eiginkonu hans og fjórum ungum börnum þeirra á heimili þeirra. En þar áttu þau öll að búa við öryggi og heimilið að vera griðastaður þeirra og stóðu skyldur ákærða m.a. til þess að svo gæti verið. En með háttsemi sinni braut ákærði alvarlega gegn þessari skyldu sinni. Ákærða bar að sýna eiginkonu sinni trúmennsku, styðja hana og gæta sameiginlegra hagsmuna heimilisins og fjölskyldunnar, sbr. 2. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Þá áttu börn ákærða að njóta verndar og umönnunar af hans hálfu og þá bar honum að sýna þeim umhyggju og virðingu og vernda þau gegn ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 2. og 3. mgr. 28. gr. barnalaga nr. 76/2003. Gegn þessum mikilvægu skyldum braut ákærði alvarlega og hann braut gegn þeim einstaklingum sem höfðu trúnað hans og traust og á stað sem brotapolar áttu að njóta sérstakrar verndar og öryggis. Þá nýtti ákærði sér yfirburðastöðu sína gagnvart brotapolum sem voru honum háðir. Með háttsemi sinni var hætta á að ákærði myndi m.a. valda alvarlegum skaða á andlegri heilsu brotapola og þá sérstaklega í ljósi þess að börn hans, sem brotin beindust m.a. gegn, eru ung að árum. Ákærði á sér engar málsbætur og það getur engu breytt þó að ákærði [...] eins og verjandi hélt fram við munnlegan málflutning. Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 1. og 3. tölulið 1. mgr. og 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með vísan til alls þessa þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði. Með hliðsjón af alvarleika brota ákærða og þá sérstaklega gegn ungum börnum hans þykja ekki skilyrði til að skilorðsbinda refsinguna að neinu leyti.

Einkaréttarkröfur:

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir alvarleg ofbeldisbrot gegn fyrrum eiginkonu sinni og fjórum ungum börnum þeirra. Með hinni refsiverðu háttsemi hefur ákærði bakað sér

skaðabótaábyrgð gagnvart brotapolum og þeir eiga því rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli b.-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Eiginkona ákærða, brotapolinn E, hefur sett fram í málinu einkaréttarkröfu að höfuðstól 4.000.000 kr. auk vaxta og málskostnaðar. Með hliðsjón af málavöxtum og niðurstöðu málsins þykja miskabætur til hennar hæfilega ákveðnar 400.000 kr.

Ekki verður ráðið af gögnum málsins að bótakrafan hafi verið birt fyrir ákærða fyrr en við birtingu ákærunnar 9. desember 2020. Samkvæmt því skal ákærði greiða vexti á dæmdar miskabætur skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 10. september 2019 til 9. janúar 2021 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Börn ákærða, B, C, A og D, hafa hvert um sig sett fram í málinu einkaréttarkröfu að höfuðstól 1.000.000 kr. auk vaxta og málskostnaðar. Með hliðsjón af málavöxtum þykja miskabætur til hvers þeirra hæfilega ákveðnar 300.000 kr. auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 2. apríl 2020 til 9. janúar 2021 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Brotapolar hafa allir krafist þess að ákærði verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað. Við þingfestingu málsins 5. janúar 2021 var Karólína Finnbjörnsdóttir lögmaður skipuð réttargæslumaður allra brotapola og hún sinnti einnig réttargæslustörfum fyrir þau á rannsóknarstigi málsins. Af þeim sökum eru ekki lagaskilyrði til þess að dæma brotapolum málskostnað úr hendi ákærða, sbr. 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, heldur verður réttargæslumanni ákvörðuð þóknun samkvæmt fyrirmælum 1. og 2. mgr. 48. gr. sömu laga.

Sakarkostnaður:

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þórðar Más Jónssonar lögmanns, 1.413.600 kr. að meðtöldum virðisaukaskatti og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotapola, Karólínu Finnbjörnsdóttur lögmanns, 2.356.000 kr. að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærði greiði annan sakarkostnað 20.662 kr. Með hliðsjón af réttindum ákærða skal kostnaður vegna túlkaþjónustu, sem verjandi ákærða hefur greitt, 19.900 kr. greiðast úr ríkissjóði.

Ingi Tryggvason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í sex mánuði.

Ákærði greiði E skaðabætur að fjárhæð 400.000 kr. auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 10. september 2019 til 9. janúar 2021 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði B, C, A og D, hverju um sig skaðabætur að fjárhæð 300.000 kr. auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 2. apríl 2020 til 9. janúar 2021 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Þórðar Más Jónssonar lögmanns, 1.413.600 kr. og þóknun réttargæslumanns brotaþola, Karólínu Finnbjörnsdóttur lögmanns, 2.356.000 kr. Ákærði greiði annan sakarkostnað 20.662 kr.

Kostnaður vegna túlkaþjónustu 19.900 kr. greiðist úr ríkissjóði.

Ingi Tryggvason